

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hesjuvelli.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 7. maí 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hesjuvelli.

Breytingin tekur til syðsta hluta skipulagssvæðisins og felur í sér að skilgreindar verða tvær frístundalóðir á svæðinu, önnur 15.504 m² og hin 18.957 m². Sameiginleg aðkoma verður að lóðunum.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 6. júlí 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 20. júlí 2026